



Alþingi  
Velferðarnefnd

Reykjavík, 7. maí 2024  
Tilvísun: 2024050816/GRB

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (samstarf og eftirlit á vinnumarkaði)**

Persónuvernd vísar til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum (samstarf og eftirlit á vinnumarkaði), (þskj. 1354, 909. mál á 154. löggjafarþingi), sem birt voru í umsagnagátt Alþingis 16. apríl 2024. Drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 11. mars 2024 (mál nr. S-80/2024) og veitti Persónuvernd umsögn um frumvarpsdrögin með bréfi, dags. 15. s.m. Í umsögn Persónuverndar kom meðal annars fram það mat stofnunarinnar að endurskoða þyrfti c-lið 1. gr. frumvarpsdraganna, skýra ákvæðið nánar og afmarka betur í hvaða tilgangi vinnsla persónuupplýsinga færi fram, af hverju vinnslan væri nauðsynleg fyrir þann tilgang og afmarka hvaða persónuupplýsingar um ræddi.

Með vísan til þess að frumvarp það sem nú er til umsagnar er efnislega óbreytt ítrekar Persónuvernd fyrri umsögn sína og fylgir hún hjálagt bréfi þessu.

F.h. Persónuverndar,

  
Inga Amal Hasan

Hjálagt:  
Umsögn Persónuverndar, dags. 15. mars 2024

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2024  
Tilvísun: 2024030526/GRB

## Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum (samstarf og eftirlit á vinnumarkaði)

Persónuvernd vísar til draga að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum (samstarf og eftirlit á vinnumarkaði), mál nr. S-80/2024, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 11. mars 2024.

### 1.

Í c-lið 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýju ákvæði í 8. gr. c laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980. Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að lögreglustjórar, Skatturinn og Vinnueftirlit ríkisins skuli gera með sér samning um samstarfsvettvang eftirlitsaðila gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Framangreindum aðilum sé heimilt að stækka samráðsvettvanginn með samningum við aðrar stofnanir ef þörf krefur, að fengnu samþykki ráðherra.

Í 4. mgr. ákvæðisins segir að þær stofnanir sem mynda samráðsvettvang skv. 1. mgr. skuli standa fyrir sameiginlegum aðgerðum gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, meðal annars með upplýsingamiðlun milli aðila innan þeirra marka sem lög heimila.

Þá segir í 6. mgr. ákvæðisins að þeim stofnunum sem mynda samráðsvettvang skv. 1. mgr. sé heimilt að miðla þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru hverju sinni til samtaka aðila vinnumarkaðarins á grundvelli formlegs samráðs og samstarfs.

Í athugasemdum við ákvæðið er ekki tilgreint hvaða tegundir upplýsinga hér um ræði. Sé hins vegar ætlunin að ákvæðið verði lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga telur Persónuvernd nauðsynlegt að það verði endurskodað og skýrt nánar með það í huga, og þá meðal annars tilgreint hvers konar upplýsingar er heimilt að vinna með og í hvaða tilgangi. Með hliðsjón af texta ákvæðisins má ætla að um sé að ræða upplýsingar sem munu falla undir gildissvið persónuverndarlöggjafarinnar, að minnsta kosti að hluta. Miðast eftirfarandi umfjöllun við að svo sé.

### 2.

Að mati Persónuverndar er ekki nægjanlega skýrt hver sé tilgangur þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í c-lið 1. gr. frumvarpsins. Telur Persónuvernd að skýrt þurfi að kveða á um í frumvarpinu hver tilgangur vinnslunnar er, sem og um hvaða persónuupplýsingar ræði, meðal annars til að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort um vinnsluna gildi lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, eða lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi nr. 75/2019. Telur



Persónuvernd tilefni til að benda á ákvæði framangreindra laga sem á kann að reyna í þessu sambandi í köflum 2.1 og 2.2 hér á eftir.

### 2.1.

Vinnsla persónuupplýsinga þarf almennt að byggjast á heimild í 9. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Á það til að mynda við um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Skattsins og Vinnueftirlitsins. Þegar um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga af hálfu stjórnvalda í þágu lögbundins hlutverks þeirra koma helst til skodunar 3. og 5. töluliðir 9. gr. laganna, sbr. c- og e-liði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, sem kveða á um að vinnsla geti verið heimil ef hún er *naudsynleg til að fullnægja lagaskyldu* sem hvílir á ábyrgðaraðila eða ef hún er *naudsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds* sem ábyrgðaraðili fer með.

Ef ætlunin er að lögregla miðli upplýsingum um refsiverða háttsemi einstaklinga þarf vinnsla á grundvelli laganna jafnframt að byggjast á heimild í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2018, sem kveður á um að stjórnvöld megi ekki vinna með upplýsingar um refsiverða háttsemi nema það sé *naudsynlegt í þágu lögbundinna verkefna þeirra*.

Til þess að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf hún enn fremur að samrýmast öllum meginreglum persónuverndarlaga, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Samkvæmt þeim skulu persónuupplýsingar m.a. fengnar í skýrt tilgreindum og lögmætum tilgangi og ekki unnar í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi og vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem er nauðsynlegt miðað við tilgang vinnslunnar.

Þá getur þurft að huga að 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018 ef fyrirhugað er að unnið verði með viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laganna, en gæta þarf að því að minnst eitt þeirra skilyrða sem þar eru tilgreind sé uppfyllt.

### 2.2.

Um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi gilda lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi nr. 75/2019. Löggin gilda nánar tiltekið um vinnslu persónuupplýsinga hjá lögbærum yfirvöldum, svo sem lögreglunni, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsivíðurlögum, þ.m.t. að vernda gegn og koma í veg fyrir ógnir við almannaöryggi, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 8. tölul. 2. gr. þeirra. Í 1. mgr. 3. gr. laganna segir auk þess að þau gildi einnig um vinnslu annarra opinberra aðila eða einkaaðila í sama tilgangi og vinnslu sem fram fer á grundvelli sérstakrar lagahcimildar eða vinnslusamnings við viðkomandi lögbært yfirvald.

Slík vinnsla verður að samrýmast meginreglum sem koma fram í 1. mgr. 4. gr. þeirra laga, svo sem að þær séu unnar með lögmætum og sanngjörnum hætti og að vinnslan sé lögbæru yfirvaldi nauðsynleg vegna verkefna í löggæslutilgangi, þær séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki langt umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.



Persónuvernd bendir á að í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur fram að aðeins megi miðla persónuupplýsingum til annarra opinberra aðila eða einkaaðila í löggæslutilgangi þegar brýna nauðsyn beri til og miðlunin varði hagsmunum sem bersýnilega séu ríkari en réttur hins skráða til verndar.

---

Sé tilgangur þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í c-lið 1. gr. frumvarpsins í löggæsluskyni áréttar Persónuvernd að þegar unnið er með persónuupplýsingar í því skyni að rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot er byggt á valdheimildum sem lögbærum yfirvöldum eru fengnar með lögum. Að mati Persónuverndar þarf í frumvarpinu að skýra á hvaða lög reyni hér að lútandi og hvernig upplýsingamiðlun milli lögreglustjóra, Skattsins og Vinnueftirlits ríkisins sé nauðsynleg í þágu þeirra laga.

Þá telur Persónuvernd að tilgreina þurfi hvaða stofnanir það eru sem lögreglustjóra, Skattinum og Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að gera samninga við, hverjar valdheimildir þeirra eru og hvernig sú upplýsingamiðlun sem mælt er fyrir um í c-lið 1. gr. frumvarpsins sé nauðsynleg í þágu þess tilgangs sem að er stefnt.

---

Með vísan til alls framangreinds telur Persónuvernd að endurskoða þurfi c-lið 1. gr. frumvarpsdraganna, skýra ákvæðið nánar og afmarka betur í hvaða tilgangi vinnsla persónuupplýsinga fer fram, af hverju vinnslan er nauðsynleg fyrir þann tilgang og afmarka hvaða persónuupplýsingar um ræði.

Þá bendir Persónuvernd á að ekki verður séð á frumvarpinu að fram hafi farið mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, eða að haft hafi verið samráð við persónuverndarfulltrúa stjórnarráðsins, en með hliðsjón af efni frumvarpsdraganna kann hér eftir atvikum að gefast tilefni til þess.

---

Að öðru leyti skal tekið fram að sá skammti tími sem veist hefur til gerðar umsagnar hefur ekki nægt til skoðunar á öllu því sem á getur reynt. Er því ljóst að síðar meir, svo sem í kjölfar framlagningar frumvarps á grundvelli draganna til þinglegrar meðferðar, kunna að verða gerðar öllu ítarlegri athugasemdir.

F.h. Persónuverndar,

  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir

  
Gyða Ragnheiður Bergsdóttir